



Dæmi um verkferli við að virkja einstakling í stjórn félags

Mönnun

Farið er í gegnum nafnalista sem safnað var við skráningu skáta í félagið síðastliðið haust, en þar sýndu nokkrir foreldrar áhuga á að starfa með félaginu. Einnig er sett lítil frétt á heimasíðu félagsins og Facebook síðu um að verið sé að leita að nýjum stjórnarmeðlimi.

Móðir sem á barn í drekaskátum er á listanum og er hringt í hana og hún beðin um að gefa kost á sér í stjórnina til næstu tveggja ára. Eftir smá umhugsun samþykkir hún að koma í stjórnina.

Samkomulag

Sendur er stuttur tölvupóstur til viðkomandi móður og hún beðin um að staðfesta með svari sínu að hún muni taka að sér að sitja næstu tvö árin í félagsstjórn sem meðstjórnandi, frá og með næsta aðalfundi.

Samlögun

Til þess að nýjum stjórnarmeðlimi líði vel með þeim sem þegar sitja í stjórn er ákveðið að halda súpaveislu heima hjá félagsforingja og er stjórn og mökum boðið, ásamt sveitarforingjum sem eru 20 ára eða eldri.

Þjálfun og stuðningur

Starfslýsing meðstjórnenda er send til þess að skýra betur út hvert hlutverkið er innan stjórnar. Það er eftirfarandi (tekið úr Gæðahandbók Ví-fils, sem fylgir „Á réttri leið“ frá BÍS):

Meðstjórnendur

Meðstjórnendur í félagsstjórn eru þrír.

Þeir sjá um og stýra sérstökum verkefnum fyrir hönd stjórnar. Dæmi um slík verkefni eru: Sumardagurinn fyrsti, 17. júní, félagsútilega, dreifing fermingarblaðs, sumarstarf, innritunardagur (hausthátíð), fararstjórn á stærri mót o.s.frv.

Þeir gegna eftirlitshlutverki og samræma vinnu sveitarforingja, stjórnar og foreldra við ýmsa viðburði.

Þeir taka ásamt öðrum stjórnarmeðlimum ákvarðanir á stjórnarfundum.

Þeir sitja í og stjórna starfi ýmissa nefnda og verkefnahópa á vegum félagsins s.s. húsnefndar, skálanefndar, húsfélags, starfi fræðsluforingja o.s.frv. Þeir skila skýrslu til stjórnar um störf viðeigandi nefnda og hópa.



Þeir skila skýrslu á aðalfundi um störf nefndanna og sjá um að skýrsla stjórnar innihaldi réttar upplýsingar um nefndarstörf.

Verkefni

Fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði eru stjórnarfundir og á þeim farið yfir málefni félagsins og fyrirbyggjandi verkefni skv. starfslýsingunni hér á undan.

Endurskoðun

Við endurskoðun er farið yfir stöðu mála, hvernig viðkomandi hafi liðið í starfi og hvort eitthvað hafi verið ábótavant í sambandi við þjálfun, aðstoðina frá öðrum stjórnarmeðlimum eða öðrum í félaginu. Einnig hvort verkefnið hafi verið nógu vel skilgreint og hvað hefði mátt betur gera.

Þar sem allir meta að samstarfið hafi gengið vel er viðkomandi spurður hvort hún hafi áhuga á að koma áfram að starfinu. Ef svo er, er henni gefinn valkostur um að halda áfram í stjórninni eða fara í nýtt verkefni. Að vori, eftir vel heppnað starf yfir veturinn, er stjórn og sveitaforingjum boðið í óvissuferð sem endar alltaf með skátaleikjum og góðum mat.